

---

# REGLUGERÐ KLÍ FYRIR DÓMARA

---

## 1. grein

Í öllum A- og B-mótum skal dómari viðurkenndur af KLÍ vera.

## 2. grein

Í mótum sem stýrt er af mótsstjóra getur hann jafnframt verið dómari, sé hann viðurkenndur af KLÍ sem slíkur.

## 3. grein

Dómari skal vera vel kunnugur almennum keppnisreglum FIQ/WTBA og KLÍ, og þekkja vel reglur um fyrirkomulag móta sem hann er dómari í. Ef upp kemur deilumál á leikstað, skal dómari leysa úr því með hliðsjón af keppnisreglum.

## 4. grein

Ef leikmaður, forystumaður liðs eða aðstoðarmaður brýtur af sér í keppni skal dómari veita honum áminningu. Sé um alvarlegt eða ítrekað brot að ræða skal dómari vísa viðkomandi af leikmannasvæði.

Eftirtalin brot teljast brottrekstrarsök:

- Leikmaður mætir til keppni undir áhrifum áfengis eða lyfja.
- Leikmaður beitir leikmenn, áhorfendur eða starfsfólk keilusalanna líkamlegu ofbeldi.
- Leikmaður verður uppvís af því að hafa vísvitandi rangt við.
- Leikmaður lætur ekki segjast þrátt fyrir að dómari hafi áminnt hann tvívegis.

## 5. grein

Dómarar í viðureignum í deildar-/bikarkeppnum eru einn maður úr hvoru liði og annar til vara og skulu þeir einstaklingar hafa sótt dómaranámskeið. Ef eitthvað kemur uppá í viðureign liðanna sem dómarar geta ekki leyst sín á milli skal það sett á dómaraskýrslu og vísað til aganefndar.

Ef um refsivert brot er að ræða skal dómari fullvissa sig um að aganefnd viti af brotinu með því að hafa samband við formann eða aðra nefndarmenn aganefndar eins fljótt og auðið er að leik loknum, en ekki síðar en 48 stundum frá lokum leiks.

## 6. grein

### *Dómaranefnd*

Ef leikmaður (-menn) telja dómara hafa dæmt rangt, eða komið ósæmilega fram gagnvart þeim þá má leggja fram skýrslu þar að lútandi sem dómaranefnd, skipuð af stjórn KLÍ, mun fjalla um. Ef dómaranefndin sér ástæðu til má hún taka réttindin tímabundið af dómara og þá verður hann að skila inn dómaraskírteininu sínu og mæta aftur á dómaranámskeið til að öðlast réttindin aftur. Ef dómari er talinn vanhæfur sem slíkur má dómaranefndin taka af honum réttindin fyrir fullt og allt.

## 7. grein

### *Eftirlitsdómarar*

KLÍ er heimilt að skipa eftirlitsdómara, almennt eða fyrir einstök mót, sem skulu fylgjast með að dómgæsla og framkvæmd móta sé í samræmi við lög og reglugerðir KLÍ. Þeir skulu einnig hafa umsjón með námskeiðahaldi fyrir dómara. Ef eftirlitsdómari er á staðnum þar sem mót stendur yfir og upp koma mál sem dómari ræður ekki við, þá er honum leyfilegt að grípa inn í og ráðleggja dómaranum.

## 8. grein

### *Áminningar í dómgæslu*

Dómari skal veita viðvörðun fyrir hæga spilamennsku (regla 206).

Dómari skal veita áminningu fyrir eftirtalin brot:

- að kvarta við starfsfólk keilusalanna yfir atriðum er varða íþróttina og aðstæður á brautum
- gagnrýni á ákvarðanir mótisstjóra eða dómara
- meiðandi ummæli um leikmenn, áhorfendur eða starfsfólk
- notkun hverskyns dufts í gryfjunni, nema hvað nota má „svitapoka“
- notkun hverskyns dufts undir keiluskó í keppni
- óíþróttamannslega framkomu
- tóbaksnotkun
- önnur brot að mati dómara.

Dómari skal veita brottvísun fyrir eftirtalin brot:

- við þriðju áminningu í leikjablokk
- að hafa vísvitandi rangt við
- endurtekna eða grófa óíþróttamannslega framkomu
- ólögmdæta þátttöku í leik
- misnotkun lyfja eða áfengis í keppni
- ofbeldi utan eða innan leikstaðar
- önnur brot sem leiða til brottvikningar af leikmannasvæði.

*Breytt á formannafundi 29. apríl 2010*